Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Verndaráætlun fyrir minja-svæðið í Skálholti

Maí 2016

STAÐFESTING Á VERNDARÁÆTLUN FYRIR MINJASVÆÐIÐ Í SKÁLHOLTI

Verndaráætlun þessa staðfesta með undirritun sinni forstöðumaður Minjastofnunar Íslands fyrir hönd ábyrgðaraðila minjasvæðisins og vígslubiskup í Skálholti fyrir hönd umsjónaraðila minjasvæðisins.

Skálholti, 2. maí 2016

Kristín Huld Sigurðardóttir
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristján Valur Ingólfsson
f.h. Skálholts

Efnisyfirlit

1. Inngangur 3

2. Um Skálholt 4
2.1 Saga Skálholts 4
2.2 Friðlýstar fornleifar 4
2.3 Friðlýst hús og mannvirki 5
2.4 Fornleifarannsóknir 5
2.4.1 Rannsóknir 1952-1958 6
2.4.2 Rannsóknir 1983-1988 6
2.4.3 Framkvæmdaeftirlit 1996 6
2.4.4 Jarðsjármælingar 1999 6
2.4.5 Rannsóknir 2002-2007 7
2.4.6 Kennsluuppgröftur 2008-2014 7
2.5 Sérstaða svæðisins 8

3. Stjórnsýsla og skipulag 9
3.1 Lagarammi 9
3.2 Stjórnsýsla 9
3.3 Skipulag og landnýting 10

4. Verndarsvæði 11

5. Framtíðarsýn og markmið 12

6. Landnotkun, aðgengi og nýting 13
6.1 Ástand og aðgengi 13
6.2 Opinn aðgangur og almennar umgengnisreglur 13
6.3 Göngustígar 14
6.4 Skilti og upplýsingaefni 14
6.5 Ljósmyndun, kvikmyndataka og fleira 14
6.6 Frekari rannsóknir og framkvæmdir 15

7. Viðhald, rekstur og eftirlit 16

8. Aðgerðir 17

9. Heimildir 18

1. Inngangur

Tilgangur verndaráætlunar fyrir minjasvæðið í Skálholti er að tryggja verndun fornleifanna á sem bestan hátt og veita leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar, skipulags og rekstur. Um vernd og stjórnsýslu fornleifa gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012. Á minjasvæðinu í Skálholti eru friðlýstar fornleifar auk aldursfriðaðra minja. Strangari reglur gilda um friðlýstar minjar en aldursfriðaðar þótt allar séu þær verndaðar samkvæmt lögum. Út frá ystu sýnilegu mörkum friðlýstra fornleifa er 100 m friðhelgað svæði, en 15 m út frá ystu mörkum aldursfriðaðra minja, og eru allar framkvæmdir innan þess svæðis óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun ber ábyrgð á minjunum og ríkið skal bera kostnað af viðhaldi friðlýstra fornleifa[1]. Friðlýstar minjar í Skálholti eru 12: tvær byggingar og 10 fornleifar og er gerð grein fyrir hverri og einni þeirra hér að neðan. Landeigandi skal bera kostnað af viðhaldi umhverfis minjanna, hvort sem er friðaðra eða friðlýstra, sem og viðhaldi aldursfriðaðra minja. Verndaráætlun þessi skal endurskoðuð annað hvert ár.

Hér á eftir fer umfjöllun um hina ýmsu þætti sem tengjast Skálholti og tilgangi og gerð verndaráætlunarinnar. Kaflar 2 og 3 undirbyggja skilgreiningu verndarsvæðisins og tilgang verndaráætlunarinnar. Er þar m.a. rakin saga Skálholts, gerð grein fyrir helstu minjum á svæðinu og sérstöðu þess. Kaflar 4-7 snúa að verndarsvæðinu sjálfu, skilgreiningu þess, framtíðarsýn, umgengni, aðgengi, viðhaldi, eftirliti með svæðinu o.s.frv.

[1] Viðhald fornleifa felst í viðgerðum vegna skemmda eða mótvægisaðgerðum vegna yfirvofandi hættu. Viðhald umhverfis felst í slætti á og í kringum minjarnar eftir aðstæðum sem og annars konar viðhaldsaðgerðum á umhverfi þeirra sem er a.m.k. 15 m út fyrir ystu mörk friðaðra fornleifa og 100 m út fyrir ystu mörk friðlýstra fornleifa. Í mörgum tilfellum nær „umhverfi minjanna“ langt út fyrir þennan metrafjölda og á í raun við allt umhverfi minjanna sem hefur áhrif á ásýnd þeirra, skynjun og samhengi í landslaginu.

2. Um Skálholt

2.1 Saga Skálholts

Um sögu Skálholts þarf ekki að hafa mörg orð en þó er vert að nefna nokkur meginatriði sem mikilvægt er að halda til haga. Skálholt í Biskupstungum, nú Bláskógabyggð, hefur í gegnum aldir verið mikilvægur sögustaður. Fyrsti biskup Íslands, Ísleifur Gissurarson, var settur í Skálholti árið 1056 (Guðrún Ása Grímsdóttir 2006:30) og sátu þar biskupar allt til loka 18. aldar. Árið 1784 varð stór jarðskjálfti á Suðurlandi sem skók Skálholt og húsin þar. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að flytja biskupsstólinn og skólann frá Skálholti til Reykjavíkur enda var svo komið fyrir húsunum að endurbyggja þurfti húsakost annað hvort í Skálholti eða annars staðar (Torfi K. Stefánsson Hjaltalín 2006:657). Hófst við þetta nýtt tímabil í sögu Skálholts þar sem hlutverk staðarins gjörbreyttist og hafa sumir gengið svo langt að segja að þarna hafi hafist „...sú hnignun sem átti eftir að einkenna sögu Skálholts á aðra öld“ (Sigurður Sigurðarson 2006:750). Skálholt hóf ekki að endurvinna sína fornu frægð fyrr en um miðja 20. öld þegar hafist var handa við að byggja þar nýja kirkju og skólahús og eru þær byggingar í dag mikil menningarverðmæti líkt og þær minjar sem í jörðu liggja í Skálholti.

2.2 Friðlýstar fornleifar

Í Skálholti eru tíu fornleifar friðlýstar undir níu númerum í skrá yfir friðlýstar fornleifar. Í skránni segir:

> „I) *1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustantil í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu*. Sbr. Árb. 1894: 4. *3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól*. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) Til viðbótar [fornmenjum] þeim, er voru friðaðar með friðlýsingarskjali útg 5. maí 1927: *1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður*. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954“ (*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar* 1990:75)

Friðlýstar minjar eru því samkvæmt skránni eftirfarandi:

1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustantil í kirkjugarðinum
2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu
3. Þorláksbrunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól
4. Skólavarðan

5. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir
6. Kyndluhóll
7. Þorlákssæti
8. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim er Íragerði heitir
9. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður

2.3 Friðlýst hús og mannvirki

Í Skálholti eru tvær friðlýstar byggingar: Skálholtskirkja og Skálholtsskóli. Skálholtskirkja var reist á árunum 1956-1963 en Skálholtsskóli á árunum 1970-1974. Kirkjan og skólinn auk nánasta umhverfis, að undanskilinni yfirbyggingu Þorláksbúðar, voru friðlýst árið 2012. Friðunin nær til ytra byrðis Skálholtsskóla en innra og ytra byrðis Skálholtskirkju. Báðar eru byggingarnar steinsteyptar og var hönnuður kirkjunnar Hörður Bjarnason arkitekt og húsameistari ríkisins en hönnuðir Skálholtsskóla voru arkitektarnir Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson (*Minjastofnun Íslands. Skálholtskirkja*; *Minjastofnun Íslands. Skálholtsskóli*).

2.4 Fornleifarannsóknir

Þrátt fyrir áhuga 19. aldar fornfræðinga á sögustöðum voru engar skipulagðar fornleifarannsóknir sem fólu í sér uppgröft gerðar í Skálholti fyrr en um miðja 20. öld. Brynjúlfur Jónsson var fyrstur íslenskra fornfræðinga til að kanna skipulega minjar á yfirborði í Skálholti og skrifaði hann grein í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* um þá könnun (Brynjúlfur Jónsson 1894). Brynjúlfur lýsir í upphafi furðu sinni á því hve lítið af minjum um hið mikilfenglega Skálholt sjáist á yfirborði en þó getur hann gert grein fyrir nokkrum fjölda minja. Brynjúlfur lýsir því hvernig hann hafi stungið niður teini í kringum kirkjuna og alls staðar komið niður á grjót þar sem eldri kirkja hafi áður staðið. Þrátt fyrir að Brynjúlfur hafi gert nokkuð góða grein fyrir minjunum í Skálholti og endað skrif sín á orðunum: „Mjög er áríðandi að vernda hinar fáu fornmenjar, sem enn finnast í Skálholti“ (Brynjúlfur Jónsson 1894:6) gerðist það þó einungis fáum árum seinna að minjar voru skemmdar við framkvæmdir á staðnum. Árið 1902 var byggð heyhlaða við austurbæinn í Skálholti auk þess sem vegur var lagður frá vesturbænum vestur úr túninu. Ekki var gætt að minjunum sem á vegi manna urðu við þessar framkvæmdir og voru skemmdirnar nokkrar. T.a.m. er sagt frá því að Þorláksbrunnur hafi verið grafinn fram, grjót fjarlægt úr honum og hann jafnaður að ræsinu svo „…hann er nú ekki framar til“ (Brynjúlfur Jónsson 1904:21). Þessi lýsing Brynjúlfs á þeim minjum sem komu í ljós við framkvæmdirnar er eftir því sem næst verður komist fyrsta skráða lýsingin á minjum undir sverði í Skálholti.

2.4.1 Rannsóknir 1952-1958

Á árunum 1952, 1954-1955 og 1958 fóru fram allmiklar fornleifarannsóknir á kirkjustæði Skálholts þar sem fyrirhugað var að reisa nýja kirkju, þá sem nú stendur. Fyrir rannsókninni fór Kristján Eldjárn en hann hafði sér til sérstakrar aðstoðar norska arkitektinn og kirknafræðinginn Håkon Christie sem tók þátt í rannsókninni sumarið 1954. Áhersla var lögð á að grafa í kirkjugrunnana á staðnum en auk þess var undirgangurinn frá staðarhúsum til kirkju grafinn allur og endurhlaðinn, Þorláksbúð grafin, grafið í Virkishól og teknir könnunarskurðir hér og þar á svæðinu. Að lokum hafði Kristján Eldjárn eftirlit með því að ýtt var ofan af bæjarhólnum um 50 cm þykku lagi og hann sléttaður (Kristján Eldjárn, Håkon Christie og Jón Steffensen 1988:15-20).

2.4.2 Rannsóknir 1983-1988

Á árunum 1983-1988, að undanteknu 1987, stóð Þjóðminjasafn Íslands fyrir rannsóknum á bæjarstæði Skálholts og stjórnaði Guðmundur Ólafsson verkinu. Grafinn var nokkur fjöldi könnunarskurða vítt og breitt um bæjarstæði Skálholts og í og við Kyndluhól. Markmið rannsóknanna var að kanna sanngildi gamalla teikninga og uppdrátta þegar kemur að staðsetningum húsa á staðnum auk þess sem kanna átti hvort eitthvað væri eftir af bænum undir yfirborði, en sléttað var yfir hann árið 1958 eins og áður sagði. Helstu niðurstöður rannsóknanna voru þær að hægt væri að staðsetja byggingar á staðnum út frá teikningum og uppdráttum af furðumikilli nákvæmni. Ljóst er að þær skemmdir sem urðu á bæjarhólnum við sléttunina ná að mestu leyti til 18. og 19. aldar minja en eldri minjar virðast enn vera til staðar undir yfirborði. Á Kyndluhól virðast öskuhaugar Skálholts hafa verið til forna en þar hefur einnig staðið mannvirki úr torfi á einhverjum tímapunkti. Sunnan hólsins virðist hafa verið stunduð járnvinnsla og járngerð a.m.k. frá 15. öld (Guðmundur Ólafsson 2002).

2.4.3 Framkvæmdaeftirlit 1996

Þjóðminjasafn Íslands hafði eftirlit með framkvæmdum við kirkjutröppur og kirkjutorg við Skálholtskirkju á vordögum 1996. Ekki þótti líklegt að komið yrði niður á minjar við framkvæmdirnar þar sem svæðið var grafið af Kristjáni Eldjárn og samstarfsmönnum hans á 6. áratugnum. Þó þótti tilefni til að fylgjast með ef ske kynni að eitthvað óvænt kæmi upp og var Ragnheiður Traustadóttir fengin til að framkvæma eftirlitið. Í stuttu máli sagt komu engar fornleifar í ljós við framkvæmdirnar og var allur jarðvegur sem upp kom hreyfður (Ragnheiður Traustadóttir 1996).

2.4.4 Jarðsjármælingar 1999

Timothy Horsley, þá doktorsnemi í fornleifafræði við háskólann í Bradford, gerði jarðsjármælingar í Skálholti árið 1999. Túlkun á niðurstöðum þeirra mælinga var ekki birt fyrr en eftir að farið hafði fram hluti uppgraftar Fornleifastofnunar Íslands ses. í Skálholti. Voru þá lagðar saman upplýsingar úr jarðsjármælingunum,

uppgreftinum, af kortum og úr segulmælingum á jarðveginum og voru niðurstöðurnar m.a. þær að samsett túlkun á jarðsjármælingargögnum og uppgrefti gaf mjög líka sýn á mannvirki á staðnum og kort frá 1784 (Horsley 2004:222, 233-234).

2.4.5 Rannsóknir 2002-2007

Á árunum 2002-2007 fór fram stór rannsóknaruppgröftur á staðarhúsum Skálholts á vegum Fornleifastofnunar Íslands ses. Verkefnið var eitt af þeim verkefnum sem Kristnihátíðarsjóður styrkti og var Skálholt meðal þeirra staða sem taldir voru upp í lögum um Kristnihátíðarsjóð og mælt fyrir um að sjóðurinn ætti að kosta fornleifarannsóknir á (lög um Kristnihátíðarsjóð 12/2001 2. gr. b). Niðurstöður rannsóknanna hafa ekki verið gefnar út endanlega en til eru skýrslur og greinar um ákveðna þætti þeirra (sjá m.a. lista yfir skýrslur í heimildaskrá). Í upphafi var lagt upp með að rannsaka að fullu bæjarstæðið frá 18. öld sem yfirgefið var eftir jarðskjálftann 1784 (Gavin Lucas 2002:2).

Á rannsóknartímabilinu voru bæjarhús frá 19. öld og staðarhús frá 17. og 18. öld grafin upp. Meðal niðurstaðna rannsóknanna er að þótt uppgröfnum minjum og uppdráttum af húsum í Skálholti fyrr á öldum beri í flestum atriðum saman sýna uppdrættirnir ekki eins vel og uppgröfturinn þær fjölmörgu breytingar sem orðið hafa á staðarhúsunum. Meðal annars var hægt að lesa úr minjunum að breytingar hafi orðið á aðgengi á milli skólahúsa og vistarvera biskups þar sem göngum á milli þessara rýma virðist hafa verið lokað á 18. öld. Gæti þetta verið vísbending um breytt samband biskups og skóla (Mjöll Snæsdóttir 2009a:78-79).

2.4.6 Kennsluuppgröftur 2008-2014

Frá árinu 2005 hefur Háskóli Íslands notað Skálholt sem vettvang kennsluuppgraftar fyrir nemendur á fyrsta ári í fornleifafræði. Farið er í Skálholt fyrstu kennsluvikuna á fyrsta ári í grunnnámi og fá þá nemendur að spreyta sig á raunverulegum aðstæðum og aðferðum strax í upphafi náms.

Í kennsluuppgröftunum hefur á hverju ári verið opnað svæði þar sem talið er að prentsmiðja hafi staðið sé tekið mið af uppdráttum staðarhúsa frá 18. öld. Einnig hafa verið teknir prufuskurðir víða um svæðið á tímabilinu, a.m.k. einn á hverju ári. Þótt ekki sé ljóst hvort um áðurnefnda prentsmiðju er að ræða er hluti byggingar greinilega farinn að taka á sig mynd á aðaluppgraftarsvæðinu og munu uppgreftir á næstu árum vonandi leiða í ljós hvers eðlis sú bygging er (t.d. Ragnar Edvardsson 2013:6). Varð fyrst vart við mannvirkið á uppgraftarsvæðinu árið 2009 (Ásta Hermannsdóttir og Una Helga Jónsdóttir 2011:6). Minjastofnun Íslands (áður Fornleifavernd ríkisins) hefur að jafnaði lagt til leiðbeinanda í kennsluuppgröftinn.

2.5 Sérstaða svæðisins

Í aldanna rás var í Skálholti annar tveggja biskupsstóla á Íslandi. Skálholt var þó ekki aðeins trúarleg miðstöð heldur einnig menntamiðstöð því í Skálholti var frá 11. öld og fram til loka 18. aldar rekinn skóli til að uppfræða verðandi presta og aðra þá sem hugðu á framhaldsnám erlendis. Auk þessa var stundaður hefðbundinn búskapur á jörðinni. Um Skálholt hefur verið sagt að þar hafi höfuðstaður Íslands verið um 750 ára skeið. Á staðnum má í dag finna friðlýstar byggingar og fjölda friðlýstra fornleifa auk aldursfriðaðra minja. Fáir staðir á landinu hafa að skarta slíkum fjölda friðlýstra menningarminja á jafn litlu svæði og skapast af því mikil sérstaða. Að auki eru í Skálholti uppgrafin staðarhús frá 18. öld þar sem hægt er að ganga um og skoða herbergjaskipan og afstöðu rýma hvers til annars.

Mynd 1. Uppgrafin staðarhús frá 18. öld.

3. Stjórnsýsla og skipulag

3.1 Lagarammi

Um fornleifarnar í Skálholti og vernd þeirra gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012. Auk þess ber að hafa hliðsjón af Stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og Skipulagslögum nr. 123/2010 vegna afgreiðslu mála á svæðinu.

Megininntak laga um menningarminjar nr. 80/2012 er verndun menningarminja og eru lögin gerð til þess að „...tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim“ auk þess sem tilgangur þeirra er að „...stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða“ (lög um menningarminjar nr. 80/2012 1. gr.). Menningarminjar eru m.a. fornleifar, menningarlandslag, hús og mannvirki samkvæmt skilgreiningu laganna og ná þau því yfir öll fyrirbæri af þeim toga sem uppfylla 100 ára aldursskilyrði laganna eða eru friðlýst.

3.2 Stjórnsýsla

Minjastofnun Íslands fer með stjórnsýslu fornleifa samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Fornleifar og friðhelguð svæði umhverfis þær (15 m frá ystu mörkum aldursfriðaðra minja og 100 m frá ystu mörkum friðlýstra minja) lúta því stjórnsýslu Minjastofnunar Íslands sem ber ábyrgð á þeim. Ekki er leyfilegt að fara í neinar framkvæmdir á slíkum svæðum né veita nein leyfi til framkvæmda eða notkunar svæðanna án samþykkis Minjastofnunar Íslands.

Forstöðumaður er Kristín Huld Sigurðardóttir Phd, MPA.

Minjavörður Suðurlands er Uggi Ævarsson MA.

Heimilisfang Minjastofnunar Íslands er:
Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Sími: +354 5701300
Veffang: www.minjastofnun.is
Tölvupóstur: postur@minjastofnun.is

Heimilisfang Minjavarðar Suðurlands er:
Fjölheimar
Bankavegur
800 Selfoss
Sími: +354 5701316 og +354 8988852
Tölvupóstur: uggi@minjastofnun.is

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir eftirfarandi um verndun fornleifa:

> „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
> Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.
> Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.
> Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra“ (Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 21. gr.).

3.3 Skipulag og landnýting

Í dag er stundaður hefðbundinn búskapur í Skálholti ásamt trúarlegu- og menningarlegu starfi í tengslum við Skálholtskirkju og Skálholtsskóla. Töluverður fjöldi ferðamanna sækir staðinn heim á ári hverju.

Í greinargerð fyrir aðalskipulag Bláskógabyggðar 2000-2016 frá 2014 segir eftirfarandi um Skálholt: „Skálholt verði markvisst byggt upp sem menningarmiðstöð og sögustaður. Landnotkunin sem um ræðir er verslun og þjónusta, íbúðir, stofnanir og opin svæði til sérstakra nota. Skipulagssvæði Skálholts er óbreytt frá því sem það er skilgreint í deiliskipulagi en áður var Skálholt hluti af aðalskipulagi Laugaráss“ (bls. 85). Að auki er sett fram það markmið „Að Skálholtsstaður verði skilgreindur sem þjóðminjaverndarsvæði“ (bls. 51).

Í gildi er deiliskipulag fyrir heimasvæði Skálholts, þ.e. svæðið í kringum kirkjuna, skólann og bæinn, frá 1996. Eitt af markmiðum skipulagsins er að „...varðveita og draga fram þær minjar sem fyrir eru og upplýsa samhengi þeirra innbyrðis“ (Manfreð Vilhjálmsson og Reynir Vilhjálmsson 1995:9). Í því tilliti er m.a. tekið fram að viðhald á hinu forna bæjarstæði verði að bæta, t.a.m. þurfi að hemja gróður og gera þannig rústir skýrari og gönguleiðir greiðfærari. Lögð er áhersla á að uppbygging á staðnum taki mið af Skálholtskirkju og að nýbyggingar séu í mælikvarða og falli vel að þeim mannvirkjum sem fyrir eru. Að öðru leyti er aðaláhersla skipulagsins á umferðarmál (s.s. aðkomu og bílastæði), þjónustu við ferðafólk og ný byggingasvæði fyrir skólann, þjónustubyggingar sem og íbúðabyggð. Unnið hefur verið að gerð nýs deiliskipulags frá árinu 2013 þegar lýsing þess var lögð fram. Tillaga að deiliskipulaginu er enn í vinnslu.

4. Verndarsvæði

Verndaráætlunin tekur til allra minja hundrað ára og eldri. Fjöldi minja er sýnilegur á yfirborði en hafa verður í huga að fleiri minjar geta leynst undir sverði á verndarsvæðinu og tekur verndaráætlunin einnig til þeirra. Verndarsvæðið tekur yfir friðlýstar og friðaðar menningarminjar auk friðhelgaðs svæðis umhverfis þær. Gilda sömu reglur á öllu svæðinu. Sums staðar inniheldur verndarsvæðið ekki allt 100 m friðhelgunarsvæði friðlýstra minja. Er það í flestum tilfellum gert til að virða nýtingarrétt bænda á ræktuðum túnum. Það rýrir þó ekki gildi 100 metranna og enn gilda ákvæði laga um menningarminja nr. 80/2012 um þá.

Mynd 2. Kortið sýnir afmörkun verndarsvæðisins með rauðri línu. Friðlýstar fornleifar eru merktar inn með gulum línum og grænum punktum.

5. Framtíðarsýn og markmið

Verndaráætlunin á að stuðla að verndun minjanna og auknum möguleikum landsmanna til upplifunar á svæðinu án þess að minjar eða náttúra hljóti skaða af. Minjasvæðið í Skálholti á að vera aðgengilegt með fræðandi upplýsingum um sögu, byggingar og samfélag staðarins.

Verndaráætlunin er gerð með það að markmiði að skýrt sé hvernig umgangast á svæðið og minnka þannig líkur á að minjar og umhverfi þeirra verði fyrir óbætanlegu tjóni. Einnig eiga umgengnisreglur og reglur um göngustíga, uppsetningu skilta og aðra aðgengisþætti að auðvelda aðgengi almennings bæði að svæðinu og upplýsingum um minjarnar. Ekki síst á áætlunin að festa í sessi verkaskiptingu á milli Minjastofnunar Íslands og eiganda svæðisins, þannig að ljóst sé hvaða aðili sinni eftirliti og viðhaldi og til hvers beri að leita þurfi t.a.m. að koma á framfæri ábendingum varðandi skemmdir á svæðinu.

Helstu markmið eru:

- Verndun minjanna
- Gott aðgengi fyrir alla
- Snyrtilegt og vel viðhaldið umhverfi
- Aðgengilegar upplýsingar um minjarnar

6. Landnotkun, aðgengi og nýting

6.1 Ástand og aðgengi

Gott aðgengi er að Skálholti og er það steinsnar frá litla þéttbýlinu Laugarási. Einungis eru tæplega 40 km til Selfoss og um 90 km til Reykjavíkur. Á svæðinu umhverfis Skálholt eru víða frístundabyggðir og mikill ferðamannastraumur er í landshlutanum, ekki síst á sumrin. Skálholt er því tilvalið svæði fyrir þá sem vilja upplifa söguna og menninguna í tengslum við fallega náttúru og/eða kristna trú. Skálholtsstað er vel við haldið og aðkoman að staðnum er prýðileg. Bílastæði eru framan við kirkjuna og skólann og er hægt að ganga um svæðið óhindrað og skoða byggingar, uppgrafin staðarhúsin sunnan undir kirkjunni sem og aðrar sýnilegar minjar á svæðinu. Stórt upplýsingaskilti er fast norðan við uppgraftarsvæðið og í hverju rými eru látlaus skilti á steinum sem segja til um hlutverk hvers og eins. Þau skilti eru þó farin að láta á sjá og nokkur hafa verið fjarlægð. Hugsanlega hafa þau verið tekin sem minjagripir af ferðamönnum. Einnig eru helstu minjastaðir í nágrenni Skálholts merktir með númerum og er hægt að nálgast bækling á staðnum sem inniheldur upplýsingarnar um minjarnar út frá númerunum.

Mynd 3. Bílastæði eru við kirkjuna.

6.2 Opinn aðgangur og almennar umgengnisreglur

Aðgangur að verndarsvæðinu skal öllum opin án endurgjalds. Til þess að auka líkur á ánægjulegri upplifun gesta og minnka líkur á því að minjum og náttúru sé stofnað í hættu skulu gestir og þeir sem hirða um svæðið fylgja þeim almennu umgengnisreglum sem hér fara á eftir:

- Gangið um verndarsvæðið með nærgætni og virðingu
- Raskið ekki menningarminjum
- Gangið snyrtilega um verndarsvæðið, ekki er leyfilegt að henda eða urða rusl á svæðinu
- Akið hvorki né leggið bifreiðum nema á vegum og merktum bílastæðum

- Gangið á göngustígum eða eftir stikuðum slóðum sé þess nokkur kostur

6.3 Göngustígar

Gerð göngustíga skal fara fram í samráði við Minjastofnun Íslands og er háð leyfi Minjastofnunar. Minjastofnun semur leiðbeiningar um gerð og lagningu göngustíga á minjasvæðum og skulu þær hafðar til hliðsjónar í allri slíkri vinnu. Stefna skal á að aðgengi sé fyrir alla að verndarsvæðinu og að lögð sé áhersla á hófstillta stærð göngustíga og notkun náttúrulegs efnis.

Jafnóðum skal laga stíga ef þörf er á. Ef svæði verða fyrir sliti vegna átroðnings skal þeim lokað samstundis og grípa til mótvægisaðgerða og viðgerða svo fljótt sem auðið er. Tilheyri þau svæði sem orðið hafa fyrir sliti friðlýstum fornleifum skal ríkið borga þann kostnað er hlýst af mótvægisaðgerðum og viðgerðum sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Að öðrum kosti skal landeigandi bera kostnað af aðgerðunum.

6.4 Skilti og upplýsingaefni

Fara skal eftir reglum Minjastofnunar Íslands við hönnun skilta er varða minjarnar og hefur Minjastofnun Íslands lokaorðið varðandi innihald og staðsetningu þeirra. Minjastofnun Íslands er heimilt að fjarlægja skilti og aðrar merkingar í nágrenni friðlýstra minja ef gerð og staðsetning þeirra er ekki í samræmi við reglur sem stofnunin setur sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Merki Minjastofnunar Íslands skal ávallt vera á skiltum sem sett eru upp í tengslum við minja- og/eða verndarsvæði. Jafnóðum skal laga skilti ef þörf er á.

Minjastofnunar Íslands sem lögbundins umsjónaraðila menningarminja skal getið í allri opinberri umfjöllun um minjar á svæðinu. Þá skal merki og nafn Minjastofnunar Íslands koma fram á öllu opinberu upplýsingarefni sem unnið er um minjar á svæðinu.

6.5 Ljósmyndun, kvikmyndataka og fleira

Ljósmynda- eða kvikmyndataka í atvinnuskyni af friðlýstum fornleifum og friðhelgunarsvæði þeirra skal gerð í samráði við Minjastofnun Íslands. Sækja þarf um leyfi fyrir öllum slíkum afnotum til Minjastofnunar Íslands og skal farið eftir reglum stofnunarinnar þar að lútandi. Minjastofnun áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um leyfi hafi áætlaðar athafnir á svæðinu neikvæð áhrif á minjarnar.

Ekki er heimilt að halda á verndarsvæðinu skemmtanir sem geta haft áhrif á minjarnar án samþykkis Minjastofnunar Íslands.

6.6 Frekari rannsóknir og framkvæmdir

Allar rannsóknir á verndarsvæðinu, hvort sem þær hafa í för með sér jarðrask eða ekki, eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar til að leita fornleifa og forngripa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Ekki er heimilt að fara í neins konar framkvæmdir sem hafa jarðrask í för með sér eða breyta ásýnd verndarsvæðisins eða nánasta umhverfi þess án leyfis Minjastofnunar Íslands sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fara skal að öllu með gát ef unnið er með stórvirkum vinnuvélum nálægt verndarsvæði og tryggja að þeim sé haldið utan þess.

Mynd 4. Yfirbygging Þorláksbúðar með Skálholtskirkju í baksýn.

7. Viðhald, rekstur og eftirlit

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með verndarsvæðinu og gerir úttekt á því einu sinni á ári. Fylgst skal með sliti vegna ágangs ferðamanna og grípa til viðeigandi ráðstafana ef ljóst er að menningarminjum stafi hætta af. Minjavörður Suðurlands sér um eftirlit og skilar greinargerð um ástand verndarsvæðisins í síðasta lagi 1. október ár hvert. Skal greinargerð send landeiganda auk tillagna um aðgerðir ef þurfa þykir.

Halda skal göngustígum við. Halda þarf niðri gróðri á verndarsvæði og slá reglulega. Landeigandi skal sjá um slátt og snyrtingu þeirra hluta svæðisins sem nauðsynlegt er og bera allan kostnað af þeim framkvæmdum (sbr. sú skylda landeiganda að halda við umhverfi fornleifa skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012). Á verndarsvæðinu er óleyfilegt að nota áburð og eiturefni sem geta haft áhrif á minjar undir grassverði. Ekki er leyfilegt að planta trjáplöntum eða öðrum gróðri sem getur haft áhrif á fornleifar, t.a.m. vegna rótarkerfis, innan verndarsvæðisins.

Allar framkvæmdir sem fara þarf í vegna fyrirbyggjandi aðgerða og viðhalds skulu samþykktar af Minjastofnun Íslands. Ábendingum varðandi skemmdir og slit sem og öðrum athugasemdum um ástand svæðisins skal beina til Minjastofnunar Íslands og Skálholtsstaðar.

Ekki er talin mikil hætta á þjófnaði eða ólöglegum uppgreftri á svæðinu en verði vart við jarðrask skal gera Minjastofnun Íslands viðvart svo fljótt sem auðið er sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Sá möguleiki er fyrir hendi að skemmdir geti orðið á menningarminjum vegna jarðskjálfta. Ef svo öflugur jarðskjálfti skekur svæðið að hann valdi skemmdum á mannvirkjum skal minjavörður kanna ástand menningarminja á svæðinu og njóta aðstoðar arkitekts hjá Minjastofnun Íslands við mat á ástandi friðlýstra bygginga. Ef menningarminjar hafa orðið fyrir skemmdum, eða líklegt þykir að svo sé, skal tjón útlistað og gerð áætlun í samráði við eigendur um viðgerðir. Séu skemmdir miklar þarf að tryggja aðstæður svo engum stafi hætta af og hefja síðan viðgerðir. Skulu allar aðgerðir tengdar friðuðum og friðlýstum menningarminjum í kjölfar náttúruhamfara samþykktar af Minjastofnun Íslands og skal metið í hvert sinn hver skuli bera kostnað af aðgerðunum út frá viðeigandi forsendum.

8. Aðgerðir

Árlegar

a) Sláttur og viðhald svæðisins eins og sanngjarnt getur talist á vegum Skálholtsstaðar.
b) Minjavörður hefur eftirlit með svæðinu og gerir úttekt á því einu sinni á ári.

Sumar 2016

- Skálholtsstaður lætur framkvæma fornleifaskráningu á jörðinni, en til þess fékkst m.a. styrkur úr fornminjasjóði.

Haust 2016

- Minjastofnun, í samstarfi við Skálholtsstað, sækir um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir sumarið 2017 til framkvæmdar eftirfarandi verkþátta:

1. Lagfæringar á umhverfi við mót uppgraftar og kirkjuganga.
    - Fjarlægja hlaðnar tröppur og girðingu við tröppurnar auk þess jarðvegs sem undir er niður á jafnsléttu
    - Leggja möl og hellur í gönguleið frá gangadyrum að uppgraftarsvæði (ca. 5-6 m). Hellur sem finna má nálægt uppgraftarsvæðinu skulu notaðar
    - Framlengja veggjahleðslu þar sem tröppurnar verða teknar (ca. 2 m á lengd hvoru megin, skáhallandi niður í átt að uppgraftarsvæðinu í samræmi við brekkuna)
    - Loka palli þar sem nú er op við göngin
2. Lækka fræðsluskilti sem nú er á palli við uppgraftarsvæði til þess að gera það aðgengilegt öllum.
3. Gera nýjar merkingar til að merkja rýmin á uppgraftarsvæðinu. Merkin séu í sama anda og þau sem gerð voru upphaflega en þannig að hægt sé að festa þau niður með einhverjum hætti, t.a.m. stinga þeim niður á teini.
4. Endurnýja merkingar á friðlýstum og og helstu friðuðu minjum á svæðinu, sbr. merkingar með númerum sem nú eru til staðar við sumar þeirra.
5. Gera fræðsluskilti um minjar í Skálholti sem sett verður við bílastæði. Mikill fjöldi friðaðra og friðlýstra minja er í Skálholti sem lítil upplýsingagjöf er um fyrir gesti og gangandi.

Sumar 2017

- Fáist ofangreindur styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skulu allir verkþættir framkvæmdir fyrir 1. september 2017.

9. Heimildir

Bláskógabyggð: Aðalskipulag 2000-2016. Greinargerð með síðari breytingum. 25. apríl 2014. Aðgengilegt á: http://www.blaskogabyggd.is/resources/Files/885_Grg_Blaskogabyggd.pdf

Brynjúlfur Jónsson. 1894. „Rannsóknir í ofanverðu Árnessþingi 1893“. Í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1894*, bls. 1-15.

Brynjúlfur Jónsson. 1904. „Fornleifafundur í Skálholti 1902“. Í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1904*, bls. 20-21.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006. „Biskupsstóll í Skálholti“. Í Gunnar Kristjánsson (aðalritstj.) og Óskar Guðmundsson (ritstj.). *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára – 2006 – Hólar 900 ára*. Bókaútgáfan Hólar: [Akureyri], bls. 21-243.

Horsley, T. J. 2004. *The Potential of Geophysical Prospection Techniques for Archaeological Field Evaluation in Iceland*. Vol. 1 of 2. Department of Archaeological Sciences: University of Bradford.

Kristján Eldjárn, Håkon Christie og Jón Steffensen. 1988. *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Staðir og kirkjur I. Lögberg, Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

Manfreð Vilhjálmsson og Reynir Vilhjálmsson. 1995. *Skálholt. Endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi*. Unnið fyrir Skálholtsstað í ágúst 1995.

Minjastofnun Íslands. Skálholtskirkja. [án árs]. http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/sudurland/nr/828

Minjastofnun Íslands. Skálholtsskóli. [án árs]. http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/sudurland/nr/829

Mjöll Snæsdóttir. 2009a. „Húsin í Skálholti“. Í *Endurfundir. Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001-2005*. Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.). Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík, bls. 70-79.

Sigurður Sigurðarson. 2006. „Skálholtsstaður eftir 1785“. Í Gunnar Kristjánsson (aðalritstj.) og Óskar Guðmundsson (ritstj.). *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára – 2006 – Hólar 900 ára*. Bókaútgáfan Hólar: [Akureyri], bls. 749-770.

Torfi K. Stefánsson Hjaltalín. 2006. „Stólarnir á 18. öld: stefnur og straumar“. Í Gunnar Kristjánsson (aðalritstj.) og Óskar Guðmundsson (ritstj.). *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára – 2006 – Hólar 900 ára*. Bókaútgáfan Hólar: [Akureyri], bls. 607-673.

Lög:

Lög um Kristnihátíðarsjóð nr. 12/2001
Lög um menningarminjar nr. 80/2012
Skipulagslög nr. 120/2010
Stjórnsýslulög nr. 37/1993
Þjóðminjalög nr. 197/2001

Skýrslur um rannsóknir í tímaröð rannsókna:

Guðmundur Ólafsson. 2002. *Skálholt. Rannsóknir á bæjarstæði 1983-1988*. Rannsóknarskýrslur 2002/1. Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

Ragnheiður Traustadóttir. 1996. *Eftirlit vegna framkvæmda við kirkjutröppur og kirkjutorg við Skálholtskirkju 22. maí*. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1996 VII. Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifadeild: Reykjavík.

Gavin Lucas. 2002. *Skálholt 2002. Framvinduskýrslur/Interim Report No. 1*. FS191-02131. Fornleifastofnun Íslands ses.: Reykjavík.

Gavin Lucas. 2004. *Skálholt 2003. Framvinduskýrslur/Interim Report No. 2*. FS236-02132. Fornleifastofnun Íslands ses.: Reykjavík.

Gavin Lucas. 2005. *Skálholt 2004. Framvinduskýrslur/Interim Report No. 3*. FS276-02133. Fornleifastofnun Íslands ses.: Reykjavík.

Gavin Lucas. 2005. *Skálholt 2005. Framvinduskýrslur/Interim Report No. 4*. FS314-02134. Fornleifastofnun Íslands ses.: Reykjavík.

Gavin Lucas. [Án árs]. Skálholt 2006. [Óútgefin greinargerð].

Mjöll Snæsdóttir. [Án árs]. Endurbætur á rústunum í Skálholti sumarið 2008. [Óútgefin greinargerð].

Mjöll Snæsdóttir. 2009b. *Könnunarskurðir í svonefnda Þorláksbúð í Skálholti*. FS435-09041. Fornleifastofnun Íslands ses.: Reykjavík.

Gavin Lucas. [Án árs]. *Archaeological Excavations at Skálholt 2009*. Háskóli Íslands, námsbraut í fornleifafræði: Reykjavík.

Ásta Hermannsdóttir og Una Helga Jónsdóttir. 2011. *Skálholt 2011. Kennsluvika í uppgrefti og fornleifaskráningu. Uppgraftarsvæði 5000, 5051 og 5053*. Háskóli Íslands, námsbraut í fornleifafræði: Reykjavík.

Angelos Parigoris. [Án árs]. *Archaeological Excavations at Skálholt 2012*. Háskóli Íslands, námsbraut í fornleifafræði: Reykjavík.

Ragnar Edvardsson. [Án árs]. *Archaeological Excavations at Skálholt 2013*. Háskóli Íslands, námsbraut í fornleifafræði: Reykjavík.